

KJARVAL



- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Söngáhugafólk

Fyrsta æfing á nýju ári hjá sameinuðum kór okkar *Mýrdælinga* verður í *Skeiðflatarkirkju* í kvöld *miðvikudag 9. jan. kl. 20.30.*

Kórinn æfir að jafnaði einu sinni í viku til skiptis í Víkurkirkju og Skeiðflatarkirkju. Stjórnandi er Kitty Kovács
Alltaf gaman að fá nýja félag, látið endilega sjá ykkur

Kórfélagar.

FRÉTTABÚI JÓLABLAÐ

Er enn til sölu í verslunum Kjarvals á Klaustri og í Vík.

Ennfremur í Sunnlenska Bókakaffinu á Selfossi útg.

KÍKJA Á www.sko.barnaland.is

VITINN á www.sudurland.net

Frá Ásakórunum

Nú hefst söngstarfið af fullum krafti eftir jólafrí

Fyrsta æfing verður í Tunguseli mánudaginn 14. janúar kl. 21:00

Nýir félagar velkomnir
Spennandi verkefni framundan
Styrkjum kirkjurnar okkar í starfi

Stjórnin

VÍSUR VIKUNNAR

Dagarnir líða svo dæmalaust hratt og drífa sig áfram í hvelli Þess hefur aldrei orðið vart að árekstur verði með skelli

Vikurnar svífa á vængjum í geim og verða að mánuði í tíma. Svo safnast það allt á sömu grein og síðan við árið glíma

Höf: Bergdís Jóhannsdóttir



2. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 9. JANÚAR 2008

SMÁUGLYSINGAR

Karlar -- Konur --OG --Börn

Handavinnudagurinn verður í Tunguseli
laugardaginn 12. janúar 2008 frá kl. 13:00 til 17:00

Allir velkomnir með sitt handverk
Eigum góða stund saman
prjónum, föndrum og hlustum á upplestur

maður er manns gaman

*Kaffi og meðlæti í boði kvenfélaganna í
Álftaveri og Skaftártungu*



Sjálfstæðisfélagin í Vestur-Skaftafellssýslu

boða til funda með þingmönnum flokksins í kjördæminu.
Fundirnir verða fimmtudaginn 10. janúar n.k.

- á Ströndinni, Víkurskála kl. 12:00
- á Geirlandi kl. 17:00.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta
og ræða málin við þingmenn og ráðherra.

Prjónakaffihús



*Nú byrjum við nýja árið með stæl og komum á
prjónakaffihús á Hótel Vík fimmtud. 10. jan kl. 20:30*

Vonandi mæta sem flestir
prjónarnir ekki aðalatriðið

Kvenfélag Hvamshrepps

Fundur um Ketilsstaðaskóla

Fjölmenntur fundur íbúa Mýrdalshrepps var haldinn sl. mánudagskvöld í Ketilsstaðaskóla, þar sem rætt var um framtíðarhorfur varðandi nýtingu á skólahúsnæðinu.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri Mýrdalshrepps las fundargestum tillögu sem vonandi verður til lausnar á þessu máli. Tillagan var á þá leið að skólahúsnæðinu yrði skipt í tvennt, þ.e. íbúar í ytri hluta hreppsins svo og aðrir íbúar í Mýrdalshreppi sem á þyrftu að halda fengju viðbygginguna (þ.e. nýrri hlutann) til sinna nota en eldra húsnæðið yrði auglýst til leigu. Íbúðin héldi sínum hluta þ.e. kennarastofu og bílskúr. Lokað yrði varanlega á milli þessara húshluta og inngangur í austurhlutann gerður norðan á.

Hreinlætisaðstaða fyrir þennan hluta yrði staðsett í eystri sturtuklefanum.

Þessar tillögur Sveins fengu jákvæðar undirtektir heimamanna, enginn mælti þeim mót af hátt í 20 fundarmönnum sem tjáðu hug sinn til málsins.

Þá er reiknað með að hægt verði að fá gamla húsnæðið fyrir þorablót eins og verið hefur.

Nú er beðið eftir niðurstöðu næsta hreppsnefndarfundar um málið. Að sögn Sveins hefur verið ákveðið að skipta um suðurhlið þaksins á gamla húsnæðinu enda er það orðið brýnt þar sem sá hluti þaksins er orðinn nær ónýtur og farinn að leka

Um 40 íbúar hreppsins mættu á fundinn, sem var mjög málefnalegur og á jákvæðu nótunum. E



Íþróttamaður Skaftárhrepps 2007

Íþróttamaður ársins 2007 var krýndur í 23. desember sl. á Kirkjubæjarklaustri við hátíðlega athöfn. Að þessu sinni varð Harpa Jóhannesdóttir fyrir valinu, t.h. auk hennar voru tilnefnd Svavar Helgi Ólafsson og Kristín Lárusdóttir. Þá voru umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2007, veitt voru tvenn verðlaun, annarsvegar fyrir snyrtilegasta garðinn á Kirkjubæjarklaustri og hins vegar fyrir snyrtilegasta býlið. Í ár voru það Skriðuvellir 7, en þar búa Bryndís Guðgeirsdóttir og Birgir Jónsson. Og Rauðaberg, ábúandi þar er Stefán Björgvinsson. Tekið af vef klaustur.is

Kirkjuskólinn í Mýrdal

Gleðilegt ár kæru vinir og kærar þakkir fyrir allt gamal og gott

Kirkjuskólinn heldur áfram með vetrarstarfið laugardaginn 12. janúar 2008, kl. 11:15 í grunnskólanum í Vík (Víkurskóla).
Nú verða kynntar nýjar bækur um Danna og Birtu og límmiðar með.
Einnig verða söngvar, sögur, brúðuleikhús og litastundir.

Elsku vinir!

Verið nú dugleg að mæta krakkar og bjóðið áfram fullorðna fólkinu með í kirkjuskólann eins og á síðasta ári.

En auðvitað eru allir alltaf hjartanlega velkomnir.

Hlökkum til að hitta ykkur.

Halli prestur og starfsfólkið í Kirkjuskólanum

Víkurkirkja í Mýrdal

Gleðilegt ár kæru vinir og kærar þakkir fyrir allt gamalt og gott

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju 1. sunnudag eftir Þrettánda, sunnudaginn 13. janúar 2008 kl. 14:00.

Kitty Kovács er organisti og stjórnar kirkjukórum Víkur- og Skeiðflatarkirkna.

Fjölmennum til kirkju og syngjum Drottni lofgjörð og þökk í fyrstu guðsþjónustu nýs árs í Víkurkirkju.

Fermingarbörn og foreldrar í öllum sóknum prestakallsins sérstaklega hvött til að mæta í Víkurkirkju.

Sóknarprestur



SKYNDIHJÁL PARNÁMSKEIÐ Í VÍK

Skyndihjál IV

RKÍ- Víkurdeild hefur ákveðið að halda skyndihjálparnámskeið sem er ætlað öllum þeim sem vilja læra skyndihjál og endurlífgun og öðlast öryggi, færni og þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum.

Mán. 14. Jan.	Skyndihjál IV	17:00-22:00
Þri. 15. Jan.	Skyndihjál IV	17:00-22:00

Sun. 13. Jan.	Björgun.	12:00-18:00
---------------	----------	-------------

Námskeiðið "Björgun" er sérstaklega haldið fyrir starfsfólk íþróttamiðstöðvar, þjálfara og aðra sem vinna með börnum og unglingum.

Skráning:

Sveinn Þorsteinsson. S. 868-6441

Netfang: Vik50@simnet.is



Hestamannafélagið Sindri auglýsir

Skráningar á fyrirhugað knapamerkjánámskeið þurfa að hafa borist til Láru í síma 8634310 í síðasta lagi, laugardaginn 12. janúar nk.

Allar nánari upplýsingar er að finna inn á heimasíðu Sindra <http://hmf-sindri.bloggar.is/blogg/> eða hjá Láru.

Fyrirhugaðri fræðslu og skemmtiferð um Suðurland, er frestað um viku- eða til laugardagsins 19. janúar, nánar auglýst í næsta vita!!!!

Með félagskveðju, fyrir hönd HMF Sindra

Ferða og fræðslunefnd.



Halldórskaffi auglýsir:

Lokað verður í janúar og opnað aftur annan föstudag í febrúar.

Þó verður gerð tilraun í janúar og febrúar með enska boltann og Evrópukeppnina ef næg þátttaka fæst.

Áhugasamir hringi í Solveigu (Lollu) í síma: 8643696.

Kv. Halldórskaffi.

Netís

- Skipulögð innkaup

Viltu vera með í að byggja upp öflugt og vel rekið fyrirtæki sem getur skilað þér góðum hagnaði og vaxandi arði um ókomin ár?

Skoðaðu þá www.Netis.is

Endurbætur á Höfðabrekkuvelli

Á sl. ári hófust endurbætur á flugvelli-
num hjá Höfðabrekku (á Höfðabrekku-
jökli) og verkinu var haldið áfram eftir
áramótin.

Það er Framrás í Vík sem haldið hefur
verkinu áfram, en Reynir Ragnarsson í
Vík hefur staðið fyrir verkinu. Að hans
sögn voru veittar í þetta 3,5 milljónir og
fékk hann nokkuð frjálssar hendur um
ráðstöfun. Reynir lét á sl. sumri hefja
völlinn í rastir og fékk síðan vél til að
mala efnið niður. Þá var hefjað aftur og
sléttað sem kostur var og síðan valtað. Þá
fékk Reynir mólunarflokk sem var á
ferðinni í sumar til að mala efni við
Múlakvísl með það í huga að lagt yrði
slitlag á völinn, sem hann hefur góða von
um að verði gert fljótlega

Núna eftir áramótin hefur verið lagað til
fyrir vesturenda vallarins með því að ýta
út og keyra burt hólum sem þar voru og
taldir voru skerða öryggi vallarins.

Að sögn Reynis eru ráðamenn flugmála
því meðmæltir að þessi völlur sé í sem

bestu ástandi og telja hann mikilvægan í
öryggislegu tilliti.

Flugbrautin er um 1100 m ef hún er full-
nýtt. Telur Reynir að Fokker vélarnar
gætu lent þarna ef slitlag væri komið á
völinn í það minnsta í neyðartilfellum.

Reynir á miklar þakkir skilið fyrir áhuga
sinn og störf að flugmálum hér í
Mýrdalnum en hann var með sjúkra og
útsýnisflug hér á árum áður eða þar til
hann komst á aldur Reynir var með
tveggja hreyfla vél á tímabili. Vélin sem
hann á í dag, er TF FAR á hana með
Jóhanni Einarssyni í Vík

Að sögn Reynis er aðflug gott að vell-
inum og vindáttir yfirleitt hagstæðar því
ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að
koma upp blindflugstækjum.

Að lokum má geta þess að Reynir hefur
staðið fyrir flugdögum í það minnsta
tvisvar einmitt frá þessum velli, voru
þetta virkilega vinsælar uppákomur.

E



Ef. Reynir Ragnarsson flugmaður, Jón Valmundsson og Jón Hjaltason að koma úr flugferð en þeir standa fyrir framan TF-FAR mynd: Jónas Erl